

Rýming Mýrarhúsaskóli – kennarar

Ef brunaviðvörðunarkerfi fer í gang skal unnið samkvæmt eftirfarandi rýmingaráætlun.

1. Þegar brunabjallan hringir kannar kennari útgönguleið. Nemendur yfirgefa ekki kennslustofu fyrr en kennari hefur kannað hvort útgönguleið sé greið. Hver kennari er ábyrgur fyrir þeim bekk/hóp sem hann er að kenna þegar að hættuástand skapast. Sérkennarar fylgja sínum skjólstæðingum í bekkinn sinn. Þegar stofa er yfirgefin þarf að muna eftir nafnalistanum. Ætíð skal velja þann útgang sem greiðastur er.
2. Sá sem síðastur fer úr kennslustofum og/eða öðrum rýmum skal loka öllum hurðum á eftir sér til að draga úr reykflæði um húsið.
Kennari gengur á undan nemendum eftir útgönguleiðinni.
3. Söfnunarsvæði er á trépalli við fótboltavöllinn. 1. bekkir næst innkeyrslu á skólalóð og síðan koll af kolli, 6. bekkir næst leiktækjum. Síðast kemur annað starfsfólk. Athugið að þeir nemendur sem eru í listgreinum fara (undir stjórn listgreinakennara) í röð síns árgangs.
4. Þegar komið er út á söfnunarsvæðið er mjög mikilvægt að nemendur standi í einfaldri röð hjá kennara sínum sem fer yfir nafnalistann og kannar hvort allir séu komnir út. Ritari kannar hvort allt starfsfólk hafi skilað sér út.
5. Ef allir nemendur eru mættir er græna hliðin látin snúa fram á spjaldinu annars sú rauða.
6. Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri kannar hvort allt sé í lagi í hverri röð.
7. Ef um falsboð er að ræða er mjög mikilvægt að kennari noti tækifærið og ræði við nemendur um mikilvægi brunavarna og fari yfir rýmingaráætlunina með þeim.